

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Pálmasonar 63
 og I. Salómear Porleifsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra 80. mars
 Íslands 30. mars 1912.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Jóns Pálmasonar og I. Salómear Porleifsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í minningu Jóns Pálmasonar, bónda í Stóradal í Svinavatnshreppi í Húnavatnssýslu, og konu hans, Ingibjargar Salóme Porleifsdóttur. Sjóðurinn er í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og var í lok ársins 1910 kr. 342,28.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávalt standa í Söfnunarsjóði Íslands. Allir vextir skulu leggjast við höfuðstólinn, uns hann er orðinn 1000 — eitt þúsund krónur. Eftir það leggist hálfir vextir við höfuðstólinn, en hinn helmingurinn falli árlega til útborgunar, uns höfuðstólinn er orðinn 4000 — fjögur þúsund — krónur. Síðan falli $\frac{4}{5}$ — fjórir fimtu hlutar — ársvaxtanna árlega til útborgunar, en $\frac{1}{5}$ — einn fimti hluti — þeirra leggist jafnótt við höfuðstólinn.

3. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem fellur til útborgunar, skal verja til framfara í Svinavatnshreppi í búnaði, vegabótum, húsabyggingum og fræðslumálum. Meðan að eins helmingur ársvaxtanna fellur til útborgunar, skal því fje óskiftu varið til vegabóta í hreppnum, en eftir að sjóðurinn er orðinn 4000 — fjögur þúsund — krónur, skal einnig verja þeim hluta ársvaxtanna, sem útborgaður verður, til að styrkja framfarir í hreppnum í öðrum áður nefndum greinum, annaðhvort með beinu fjárframlagi eða verðlaunum til þess manns í hreppnum, sem árin á undan úthlutun vaxtanna hefir sýnt frábæran dugnað eða framtakssemi í þeim efnunum, sem hjer um ræðir. Annars skal þess ávalt gætt við úthlutun vaxtanna, að þeir gangi einkum til að styrkja þau fyrirtæki, sem sveitarfelaginu í heild sinni er mest nauðsyn á í hvert sinn, ef það kemur ekki í bága við önnur ákvæði þessarar greinar.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera 3 menn. Skulu það vera hreppstjórinn og hreppsnefndaroddvitiinn í Svinavatnshreppi og hinn þriðji maður kosinn af hreppsnefndinni úr hreppsþúum utan hreppsnefndarinnar. Verði hreppstjóri og oddviti sami maður, kys hreppsnefndin þriðja manninn úr sínum flokki í stjórnina.

63
30. mars

5. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi alt það, sem að stjórn hans lýtur, tekur við vöxtum, sem falla til útborgunar, og úthlutar þeim samkvæmt 3. gr. og nákvæmari reglum, sem hún skal semja, áður en úthlutun fer fram í fyrsta sinni, og skal eftir það semja árlega reiking sjóðsins og senda hann sýslunefndinni í Húnavatns-sýslu, sem lætur endurskoða hann.

Ytrilöngumýri og Reykjavík, 26. apríl 1911.

Pálmi Jónsson. Þorleifur Jónsson.

64
2. apríl **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir skógræktarsjóð bindindisfjelags Seyðisfjarðar til eflingar skógrækt í Seyðisfjarðarkaupstað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 2. apríl 1912.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir skógræktarsjóð Bindindisfjelags Seyðisfjarðar til eflingar skógrækt
í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. Skógræktarsjóðurinn er stofnaður af Bindindisfjelagi Seyðisfjarðar. Tilgangur hans er, að hlynna að og efla skógræktun í Seyðisfjarðarkaupstað.

2. Stofnfje sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur, sem eigi má skerða. Sjóðurinn skal ávaxtast eftir sömu reglum og ómyndugrafje.

3. Ársvöxtum sjóðsins skal varið til skógræktunar í Seyðisfjarðarkaupstað. Meðan Ungmennafjelag er í kaupstaðnum, sem vinnur að skógrækt, skal greiða því ársvexti sjóðsins í þessu skyni.

4. Sje eigi unnið að skógrækt í kaupstaðnum eitthvert ár skal leggja vextina við stofnfje sjóðsins.

5. Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar veitir sjóðnum forstöðu, og hefir á hendi reikningshald hans og útborgar vextina við áramót til Ungmennafjelags kaupstaðarins, meðan það fullnægir framangreindu skilyrði.

6. Sje ekkert ungmennafjelag í kaupstaðnum, sem starfar að skógrækt, sjer bæjarstjórnin um að ársvöxtum sjóðsins sje varið samkvæmt tilgangi hans (sbr. 3. og 4. grein).